

FYLGISKJAL 5 – ÞJÓNUSTULÝSINGAR

1 STAÐLAÐ NAV

Advania afhendir NAV með grunnögnum frá Microsoft fyrir staðlað NAV (engar íslenskar aðlaganir). Með stöðluðu NAV er átt við það sem kemur frá framleiðanda m.a. fjárhagur með stöðluðum bókhaldslykli ásamt bókunartengingum, sölukerfi, birgðakerfi og innkaup svo fátt eitt sé talið. Viðskiptavinur hefur kynnt sér hvað átt er við með stöðluðu NAV.

Til þess að setja upp staðlað NAV þarf gögn frá viðskiptavini. Setja þarf að lágmarki nafn og kennitölu fyrirtækis til að geta haldið áfram.

1.1 AUKAÞJÓNUSTA Í BODI

Fjárhags og bókunartengingar við annan bókhaldslykil en staðlaðan frá Advania.	Tímavinna hjá ráðgjafa
Stofnun fleiri notenda og heimildastýring	Tímavinna hjá ráðgjafa

2 ADVANIA STARTER PACK/IS365

Þessi lausn inniheldur alla grunnvirkni fyrir íslenskan markað. Hér er m.a. rafrænar tengingar við viðskiptabanka, rafræn skil á vsk, rafrænir launamiðar verktaka, nokkrar skýrslur ofl. Kerfið kemur með nauðsynlegum tengingum fyrir önnur grunnkerfi sem nýta sem kerfið.

Viðskiptavinur þarf að útvega vsk númer og veflykil frá RSK vegna VSK.

3 BANKALAUSNIR

Kerfinu fylgja gögn fyrir öll bankaútibú og höfuðbækur á Íslandi. Fyrir bankalausnir er grunnuppsetning framkvæmd hvort sem um er að ræða samhýst umhverfi eða á vélbúnaði viðskiptavinar.

- Farið yfir grunnstillingar í Bankagrunni með viðskiptavini
 - Stofna 1 bankareikning með viðskiptavini
 - Vefþjónusta á móti viðskiptabanka
 - Númeraraðir
 - Bókunarstillingar

Viðskiptavinur þarf að gefa upplýsingar um viðskiptabanka og segja til um hvar hann vill sækja gengi þ.e. annað hvort Seðlabankagengi eða viðskiptabanka.

3.1.1 UPPSETNING Í SAMHÝSTU UMHVERFI

Sett upp tenging við viðskiptabanka viðskiptavinar gegnum búnaðarskilríki Advania.

3.1.2 UPPSETNING Í SÉRHÝSTU UMHVERFI

Sett upp tenging við viðskiptabanka viðskiptavinar gegnum búnaðarskilríki á sérhýstum þjóni.

3.1.3 AUKAÞJÓNUSTA Í BOÐI

Aðstoð Advania við að setja upp búnaðarskilríki á server viðskiptavinar eða Nexus Personal hugbúnaður á útstöðvar starfsmanna hjá þeim sem hafa einstaklingsskilríki. Viðskiptavinur þarf að panta skilríki hjá Auðkenni ef þau eiga þetta ekki fyrir þetta er nauðsynlegt áður en hægt að byrja að nota bankalausnir. Persónulegt auðkenni í síma fólks dugur ekki með Bankalausn Advania. Þetta á eingöngu við ef viðskiptavinur er í sérhýsingu eða með kerfið hýst hjá sér.	Tímagjald tækniþjónustu Vötkun á skilríki	hjá
Setja upp verk sem keyrir tímabilsaðgerðir, hreinsa úr annál, sækja gengi	Tímavinna hjá ráðgjafa	
Stofna alla bankareikninga fyrir viðskiptavin.	Tímavinna hjá ráðgjafa	

3.2 ÚTGREIÐSLUR

Kerfið er til einföldunar á greiðslu reikninga. Sjálfvirkt útgreiðslusniðmát fylgir með þessum hluta sem hægt er að nota sem grunn fyrir önnur. Greiðsla fer fram innan úr NAV og er sannvottuð í gegnum skilríki. Svör lesin frá banka og greiðslur bókaðar án innsláttar.

3.2.1 GÖGN FRÁ VIÐSKIPTAVINI

Notandaupplýsingar um þann aðila sem á að vera í rafrænum samskiptum við bankann	
Upplýsingar um bankareikning sem greiða á út af	
Upplýsingar um bókhaldslykla sem bóka á kostnað á	

3.2.2 UPPSETNING Í GRUNNI

1. Sjálfvirkt útgreiðslusniðmát yfirfarið
2. Einn notandi tengdur við bankann

3.2.3 AUKAÞJÓNUSTA Í BOÐI

Útbúa greiðslusniðmát á fleiri banka eða reikninga	Tímavinna ráðgjafa	hjá
Setja upp aðgangsstýrða launagreiðslubunka	Tímavinna ráðgjafa	hjá
Farið yfir hvernig ógreiddir seðlar eru sóttir í netbanka, tengdir við útgreiðslulínur eða myndaður bunki út frá þeim.	Tímavinna ráðgjafa	hjá
Sækja útgreiðslulínur í fyrsta bunka, sannvotta, senda, greiða og bóka.	Tímavinna ráðgjafa	hjá

3.3 INNHEIMTA

Hægt er að útbúa innheimtukröfur til banka ýmist krafa pr. Reikning eða krafa á mánaðarviðskipti. Kröfurnar eru sendar rafrænt til bankans og greiðslur krafna að sama skapi lesnar inn rafærnt á móti.

3.3.1 GÖGN FRÁ VIÐSKIPTAVINI

Bankareikningur sem á að nota á vegna Innheimtukrafna á forminu (banki-höfuðbók-númer) samtals 12 stafir	
Innheimtu auðkenni sem viðsk.v. fær frá banka/milliinnheimtu	
Bókhaldslyklar vegna Innheimtu	

3.3.2 UPPSETNING Í GRUNNI

1. Sett upp tenging við viðskiptabanka viðskiptavinar
2. Sjálfvirkt Innheimtusniðmát yfirfarið
3. Einn notandi tengdur við bankann

3.3.3 AUKAÞJÓNUSTA Í BOÐI

Sækja kröfur úr eldri kerfum inn í kröfubunka. Sem er nauðsynlegt til að geta lesið inn greiðslur á kröfum sem hafa verið stofnaðar í öðrum kerfum.	Tímavinna hjá ráðgjafa
Innheimtusniðmát búið til fyrir alla viðskiptabanka.	Tímavinna hjá ráðgjafa
Stofna bunka – senda í banka - ná í stöðu	Tímavinna hjá ráðgjafa
Farið í gegnum vinnuferli	Tímavinna hjá ráðgjafa

3.4 AFSTEMMINGAR

Hægt er að lesa inn hreyfingar bankareikninga rafrænt og keyra saman við bókuð gögn í kerfinu til að auðvelda afstemmingu.

3.4.1 UPPSETNING Í GRUNNI

1. Uppsetning afstemmingar yfirfarin
2. Einn notandi tengdur viðskiptabanka.

3.4.2 AUKAÞJÓNUSTA Í BOÐI

Stofna alla bankareikninga til afstemming fyrir viðskiptavin	Tímavinna hjá ráðgjafa
Aðstoða viðskiptavin í að koma öllum bankareikningum í gang miðað við síðustu afstemmingu sem er til í bókhaldi, þannig hægt sé að byrja með hreint borð.	Tímavinna hjá ráðgjafa

4 LAUNAKERFI

Launakerfið heldur utan um almennar upplýsingar um launþegann, laun, launatengd gjöld, orlof, kröfur og starfsaldur ásamt fleiru. Búið er að setja upp allar almennar grunnuppsetningar í launakerfinu. Kerfið kemur með einum sýni kjarasamningum og þarf notandinn að fara yfir launaflokka og línur (taxta) og uppfæra áður en þeir eru settir á launþegann, kerfið kemur með algengustu lífeyrissjóðum og stéttarfélögum

4.1.1 UPPSETNING Í GRUNNI

1. Innlestur á grunngögnum launakerfis sem innifelur m.a alla lífeyrissjóði, stéttarfélög, gjaldheimtur og forsendur til launaútreiknings. Fjárhagstenging miðuð við staðlaðan lykíl Advania.
2. Sett upp tenging við viðskiptabanka viðskiptavinar
3. Sjálfvirkt útgreiðslusniðmát yfirfarið
4. Heimildir settar á einn notanda

4.1.2 AUKAÞJÓNUSTA Í BODI

Fjárhagstening við annan bókhaldslykíl en staðlaðan	Tímavinna hjá ráðgjafa
Kennsla við að stofna launþega	Tímavinna hjá ráðgjafa
Aðstoð við að fara í gegnum fyrstu útborgun	Tímavinna hjá ráðgjafa
Aðstoð við að stilla sjóði þannig að hægt sé að senda rafrænt úr kerfinu	Tímavinna hjá ráðgjafa
Settar upp heimildir á aðra notendur kerfisins skv. skilgreiningu viðskiptavinar.	Tímavinna hjá ráðgjafa
Aðstoð við að læsa launakerfinu með lykilorði	Tímavinna hjá ráðgjafa

5 RAFRÆNIR REIKNINGAR OG SAMÞYKKTIR ÞEIRRA

Kerfið býður upp á þann möguleika að senda og taka á móti rafrænum reikningum. Hægt er að senda reikning sem fyrirtækið er að móttaka til samþykktar innan kerfis.

Rafræn reikningabirting gerir kröfu um að samningur hafi verið gerður á milli sendanda og banka um birtingu rafrænna reikninga í netbanka. Viðskiptavinur þarf því að gera samning við Skeytamiðlun Advania en það er gert með því að virkja þjónustutenginguna fyrir Rafræna reikninga. Eftir það er hægt að virkja vefumsjón til að virkja skeytamiðjuna þannig að rafrænir reikningar verða virkir.

5.1 SENDA RAFRÆNA REIKNING

Kerfið gerir notendum kleift að senda rafræna reikninga beint á kostnaðarstaði viðskiptarvinar.

5.1.1 GÖGN FRÁ VIÐSKIPTAVINI

Upplýsingar um hvaða pósthjón á að nota	
---	--

Lista yfir rafræna viðskiptamenn	
GLN númer vegna kostnaðarstaða	

5.1.2 UPPSETNING Í GRUNNI

1. Virkja tengingu við Skeytamiðlun Advania.
2. Setja merkingu á einn viðskiptamann og mögulega kostnaðarstaði.

5.2 MÓTTAKA Á RAFRÆNUM REIKNINGUM OG SAMÞYKKTARFERLI.

Kerfið gerir notendum kleift að taka á móti rafrænum reikningum. Auk þess er hægt að senda viðkomandi reikning til samþykktar.

5.2.1 GÖGN FRÁ VIÐSKIPTAVINI

Upplýsingar um hvaða pósthjón á að nota	
Listi yfir rafræna lánadrottna	

5.2.2 UPPSETNING Í GRUNNI

Merkja einn lánardrottinn rafrænan og fara í gegnum vörpun á einum aðila.

5.3 AUKAÞJÓNUSTUR Í BODI Í SENDA/MÓTTÖKU RAFRÆNA REIKNINGA OG SAMÞYKKT

Setja upp tengingu fyrir viðskiptavininn	Tímavinna hjá ráðgjafa
Setja upp samþykktaraðila	Tímavinna hjá ráðgjafa
Setja upp verkflæði fyrir samþykkt	Tímavinna hjá ráðgjafa